

FUNDARGERÐ

334. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, Fellabrún 1, þriðjudaginn 20. febrúar 2024 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Gestir í upphafi fundar: Védís Vaka Vignisdóttir – nýr starfsmaður HEF.

Glúmur Björnsson – jarðfræðingur HEF.

Gestir á fundinum (liður 5): Magnús Jónsson, endurskoðandi KPMG (í fjarfundi).

Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri HEF.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Védís Vaka, nýr starfsmaður HEF mætir á fundinn
- 2 Jarðhitaleit á Búlandsnesi
- 3 Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar – staða mála / SECAP
- 4 Snjallmælavæðing hitaveitu – ráðgjöf
- 5 Ársreikningur – drög – yfirferð
- 6 Vatnsveita Seyðisfjarðar
- 7 Vöktun í dæluhúsum og hreinsistöðvum
- 8 Undirbúningur aðalfundar
- 9 Starfsmannamál
- 10 Húsnæðismál – skrifstofa o.fl.
- 11 Önnur mál

1 Védís Vaka, nýr starfsmaður HEF mætir á fundinn

Védís fór lauslega yfir feril sinn og helstu verkefni sem hún hefur tengst hjá HEF. Stjórn býður Védísi velkomna til starfa.

2 Jarðhitaleit á Búlandsnesi

Glúmur kynnir stöðu jarðhitaleitar / borunar á Búlandsnesi. Upplýsingaskjal frá Stapa, jarðfræðistofu kynnt. Boraðir hafa verið rúmir 300m. Holan er hallaboruð og reiknað með að skera jarðhitaæðina á um 600m dýpi. Holan er boruð með halla og er reiknað með að jarðhitaæðin verði skorin á um 600m dýpi. Stjórn hvetur áhugasama að fylgjast með fréttum á heimasíðu HEF veitna en þær eru uppfærðar reglulega.

Glúmur yfirgaf fundinn.

3 Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar – staða mála / SECAP

Védís kynnir vinnu vegna mögulegrar yfirtöku Múlaþings / HEF á fjarvarmaveitunni. Fyrir fundinum liggja drög að umsóknargögnum fyrir Múlaþing að sækja styrk til EUCF, European City Facilities, verkefni á vegum ESB. Verkefnið er til stuðnings sveitarfélögum til verkefna sem miða að því að þróa fjárfestingaáætlanir í þágu orkuskipta og aukinnar orkunýtingar. Einn af ávinningum með breyttu fyrirkomulagi orkuvinnslu í fjarvarmaveituna er minnkun brennslu á jarðefnaeldsneyti. Nokkur ljón eru enn í veginum áður en af yfirtöku getur orðið, t.a.m. framboð raforku, afhendingaröryggi og raforkuverð. Framkvæmdastjóra falið að koma tilheyrandi umsóknargögnum til Múlaþings svo hægt verði að sækja um styrkinn.

4 Snjallmælavæðing hitaveitu – ráðgjöf

Védís hefur hafið vinnu við undirbúning að snjallmælavæðingu hitaveitu. Regluverk mælir fyrir um að orka verði mæld hjá hverjum notanda, ekki aðeins magn (rúmmetrar) eins og verið hefur. Verkefnið er allstórt, stærðargráða 60 M.kr. Viðræður við ráðgjafa með reynslu af sambærilegu hjá öðrum veitum eru hafnar. Ráðgert er að dreifa mælaskiptum á 2-3 ár. Til upplýsingar.

Védís yfirgaf fundinn.

Fjóla Sigurðardóttir mætti til fundarins.

Magnús Jónsson, endurskoðandi KPMG tengist fundinum gegnum fjarfundabúnað

5 Ársreikningur – drög – yfirferð

MJ fór yfir drög að ársreikningi og svaraði spurningum, stjórn þakkar honum fyrir yfirferðina. Stefnt af því að stjórn afgreiði ársreikning 2023 á fundi sínum 27. febrúar næstkomandi.

Magnús Jónsson og Fjóla Sigurðardóttir yfirgáfu fundinn

6 Vatnsveita Seyðisfjarðar

Í kjölfar gerlatalningar HAUST í vatnsveitu Seyðisfjarðar hefur HAUST kallað eftir upplýsingum frá HEF úr gæðahandbók. Skráningar í bókina hafa verið teknar saman og sendar HAUST. Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir samráðsfundi með HAUST vegna atviksins. Stjórn leggur áherslu á að ferlar, hlutverkaskipting verði yfirfarin og verkefni til úrbóta verði unnin hratt og vel og óskar upplýsinga um stöðu mála fyrir páska.

7 Vöktun í dæluhúsum og hreinsistöðvum

Gæðateymi HEF vinnur að tillögum um fjarvöktun í dæluhúsum og hreinsistöðvum.

Til upplýsingar.

Stjórn leggur áherslu á að gengið verði frá, með formlegum hætti, hvernig samstarfi þjónustumiðstöðva Múlaþings um þjónustu við HEF veitur verði háttáð, eins og stefnt var að við sameiningu í Múlaþing.

8 Undirbúningur aðalfundar

Fundurinn verður haldinn á Hótel Héraði föstudaginn 8. mars nk. kl. 16:30.

Ársskýrsla er í vinnslu. Til upplýsingar.

9 Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri hyggst á næstu vikum auglýsa eftir iðnaðarmanni til starfa.

10 Húsnæðismál – skrifstofa o.fl.

Hafin er skoðun á möguleikum á aukinni nýtingu skrifstofurýmis að Fellabrún 1. Nokkuð er farið að þrengja að vegna fjölgunar starfsmanna og t.d. er kaffistofa heldur lítil þegar húsið er fullmannað. Möguleikar munu opnast með viðbygginu við vallarhús Fellavallar, þegar bílskúr hættir að þjóna fótboltavelli. Til kynningar.

11 Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:15

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.